



233. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 28. maí 2015 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésón, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. Varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Gunnar Bragason og Gunnlaugur Júlíusson.

Forseti sett fund.

1. Smáþjóðaleikarnir 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti og formaður skipulagsnefndar leikanna og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí fóru yfir helstu þætti í undirbúningi fyrir leikana. Farið yfir helstu hlutverk stjórnarmanna á leikunum og þá viðburði sem verða í tengslum við leikana, svo sem setningar- og lokahátíð, móttökur og fleira.

2. Ólympísk málefni

Smáþjóðaleikar 2015

Garðar Svansson fór yfir það helsta varðandi íslensku þátttakendurna á Smáþjóðaleikunum. Framkvæmdastjórn var búin að samþykkja hópinn rafrænt með tölvupóstssendingum en gerðar voru lítilsháttar breytingar á listanum og er hann nú sem segir á fylgiskjali frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSí sem fylgir þessari fundargerð. Listinn samþykktur samhljóða.

PyeongChang 2018

Ólympíusamhjálpin hefur tilnefnt eftirtalda íþróttamenn til styrks vegna undirbúnings fyrir Vetrarólympíuleikana í PyeongChang 2018:

Helga María Vilhjálmisdóttir, María Guðmundsdóttir og Sævar Birgisson.

Tillaga Ólympíusamhjalparinnar samþykkt.

Young Ambassador

Samþykkt að tilnefna Írisi Bryde sem Young Ambassador á Vetrarólympíuleikum ungmenna í Lillehammer 2016.

3. Íþróttaslysasjóður

Að tillögu endurskoðenda ÍSí er lögð fram tillaga um að hækka hlutfall endurgreiðslna úr Íþróttaslysasjóði ÍSí úr 40% yfir í 80% frá og með 1. júní nk. Tillagan samþykkt.

Dregið hefur úr umsóknum í sjóðinn af ýmsum ástæðum og því er talin ástæða til að hækka aftur endurgreiðsluhlutfallið svo ekki safnist fyrir fé í sjóðnum.

Allir reikningar sem eru skilgreindir endurgreiðsluhæfir og eru gefnir út 1. júní 2015 eða síðar falla undir ofangreinda samþykkt, óháð dagsetningu slyss.

4. Heiðranir

Engar tillögur lágu fyrir um heiðranir.

5. Fundargerðir:

- 232. fundur framkvæmdastjórnar
- 9. fundar framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 27. maí 2015

6. Viðburðir framundan

Farið fyrir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn miðvikudaginn 10. júní nk. kl. 16:00.

8. Önnur mál

Formannsskipti í Þríbrautarnefnd ÍSÍ

Borist hefur tillaga frá Þríbrautarnefnd ÍSÍ um að Halldóra Matthíasdóttir Proppe taki við formennsku í nefndinni af Stefanie Gregersen sem ekki gefur lengur kost á sér í embættið. Tillagan samþykkt.

Millipinganefnd um samskiptamál

Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar eftirtaldir skipaðir í ofangreinda nefnd:

Frá ÍSÍ: Snorri Olsen, Gunnar Bragason og Sigríður Jónsdóttir.

Frá sérsamböndum ÍSÍ:

Guðfinna Ármannsdóttir, Hannes S. Jónsson og Hörður Oddfríðarson.

Nú hefur borist tillaga um eftirtalda fulltrúa frá héraðssamböndum:

Ingvar Sverrisson, Anita Karin Guttesen og Sigurður Arnar Sigurðsson.

Tillagan samþykkt.

Málefni DSÍ

Rætt um stöðuna sem komin er upp í Dansíþróttasambandi Íslands eftir stjórnarkjör á ársþingi með tilvísan í grein 5.2.c í lögum ÍSÍ.

Fyrirmyndarverkefni

Þórey Edda Elísdóttir skýrði frá áhuga sínum á því að ÍSÍ færi af stað með gæðastimpilinn „Fyrirmyndarsérsamband“, líkt og til staðar er fyrir félög og héruð.

Sigríður Jónsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ sagði málið reglulega vera til umræðu og skoðunar á sviðsfundum.

Rannsóknarmiðstöð um afreksíþróttir

Örn Andrésen spurðist fyrir um stöðu mála varðandi Rannsóknarmiðstöð um afreksíþróttir.

Forseti skýrði frá því að málið væri í vinnslu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari